



ALLiES eGuide

Velferð barna

Unnið að velferð barna í finnskum skólum

Velferðarverkefni barna í finnskum skólum nær til líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar velferðar barna. Markmiðið er að skapa öruggt og þroskavænlegt umhverfi, stuðla að sálrænni vellíðan, koma í veg fyrir félagslega einangrun og stuðla að góðu skólaumhverfi. Velferðarverkefninu er ætlað að bera kennsl á og takast á við námsörðugleika og annars konar vandamál tengd skólanum sem fyrst.

Velferðarverkefnið styður börn í samfélaginu, hópnum og einstaklingslega. Því er ætlað að stuðla að jákvæðum samskiptum, kenna nýjar leiðir í samskiptum stuðla að vellíðan barna í skólanum. Verkefnið er skilgreint í námsskrá skólans, heilbrigðiskerfi skólanna sem og með stefnumörkun yfirvalda.

Allir starfsmenn skólans taka þátt í verkefninu og yfirmenn skólans eru ábyrgðarmenn þess, þ.m.t. skólastjóri sem leiðir vinnuna. Verkefnið er einnig unnið í samvinnu við heimili.

Velferðarteymið er þverfaglegur hópur fólks, sem settur er á laggirnar í hverjum skóla fyrir sig til að stuðla að þessari vinnu. Teymið hittist reglulega, en hversu oft er háð stærð skólans. Í stærri skólum hittist teymið einu sinni í viku í 2 klst. í senn.

Alla jafna er skólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, sálfræðingur, félagsráðgjafi og sérkennari í teyminu, en einnig kennari og foreldri viðkomandi barns.

Teymið gegnir mikilvægu hlutverki í að leita lausna, samþætta þarfir barna og fjölskyldna þeirra og skipuleggja þjónustuna.

Barnið og foreldrar taka þátt í að leita lausna fyrir viðkomandi barn. Vinna teymisins er trúnaðarmál og virðing gagnvart barni og fjölskyldu skal ávallt höfð að leiðarljósi.





Með fyrirbyggjandi aðgerðum og skipulagi á daglegri vinnu skólans, umhverfi og menningu má efla félagslega, líkamlega og andlega vellíðan barna. Það getur m.a. falið í sér:

- hópaskiptingu sem tekur tillit til mismunandi þarfa og getu
- samvinnu í stjórnkerfinu
- einstaklingsmiðaða nálgun út frá getu og þörfum
- samvinnu kennara, sérkennara, leiðbeinandi og starfsfólks frístundastarfs